

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Vesturlandsvegur, nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg. Afmörkun fyrirhugaðs deiliskipulags er frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að afleggjaranum inn í Hvalfjörð. Um er að ræða u.þ.b. 14 km kafla og helgunarsvæði hans. Markmið framkvæmda og skipulagsins er að vegurinn verði endurbættur til að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Stefnt er að 2+1 vegi á stærstum hluta deiliskipulagsins og fækkun tenginga við þjóðveginn með gerð hliðarvega. Með skipulaginu næst jafnframt yfirlit yfir tengingar fyrir hliðarvegi, stíga og reiðleiðir auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Esjumelar-Varmadalur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingu felast m.a. breytingar á lóðarstærðum og afmörkunum, breytingar á samgöngutengingum innan svæðis ásamt auknu plássi fyrir ofanvatnslausnir og settjarnir. Einnig eru skipulagsmörkin stækkuð lítillega, greinargerð yfirfarin og eldri skilmálatöflu skipt út fyrir nýja o.fl. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Skrauthólar.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg, er afmörkun skipulags Skrauthóla færð austur fyrir Vesturlandsveg, lega reiðleiðar færð austur fyrir Esjuveg og afmörkun græna trefilsins leiðrétt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Vallá.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vallá á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun vesturhluta skipulags Vallár færð austar, lega aðkomuvegar breytt vegna nýrra akfærra undirgangna undir Vesturlandsveg, nýr hliðarvegur áætlaður vestan við Litlu Vallá og lega reiðleiðar er færð austur fyrir Esjuveg. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Árvellir.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Árvalla breytt þannig að miðað er við veghelgunarsvæði vegarins. Einnig breytist aðkoman að svæðinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Saltvík.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi. Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Saltvíkur færð í suðvestur fjær Vesturlandsvegi og miðast við veghelgun vegarins og vegtenging við Vesturlandsveg færist inn á nýjan hliðarveg. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kjalarnes, Grundarhverfi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Grundarhverfis færð til vesturs frá Vesturlandsvegi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kjalarnes, Mógilsá.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 5. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Mógilsár á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg, þá færast mörk lóðar Þ1 norðar á 150 m kafla, samhliða minnkar lóðin, heimilt byggingarmagn á reit A er aukið og skilmálm um leyfilega þjónustu breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skólavörðuholt.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 24. maí 2018, breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðanna nr. 21-27 (oddatölur) við Frakkastíg og nr. 2-20 (sléttar tölur) við Bergþórugötu. Í breytingunni felst m.a. heimild til að byggja nýtt íbúðarhús á lóðunum nr. 10-12 sem einnig eru sameinaðar og nr. 18. Afmarkaðar eru lóðir fyrir Frakkastíg 27 (Tækniskólinn) og 23a (Veitur) og settir skilmálar fyrir almennum og sérstökum heimildum á öðrum lóðum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Lambhagavegur 23.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 29. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi Lambhagalands vegna lóðarinnar nr. 23 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst m.a. að óbyggð íbúðarhúsaloð er tekin undir starfsmannaíbúðir, fallið frá heimild fyrir starfsmannaíbúðum við núverandi íbúðarhús (sambyggðum við bílageymslu), byggingarmagn íbúðarhúsnæðis aukið um 50 m<sup>2</sup> og byggingarmagn atvinnuhúsnæðis (gróðurhúsa) minnkað að sama skapi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 3. júlí 2018.*

**Björn Axelsson.**